

MINNISBLAÐ

Til: Sigríðar Auðar Arnardóttur ráðuneytisstjóra í umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Frá: Kristínu Lindu Árnadóttur forstjóra Umhverfisstofnunar.

Dagsetning: 27.09.2019

Efni: Heimild Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda sem hafa áhrif á vatnshlot undir stjórn vatnamála.

Með minnisblaði þessu vill Umhverfisstofnun vekja athygli ráðuneytisins á því að kveða þurfi skýrar á um leyfisveitingarferla og ákvarðanatöku vegna framkvæmda sem hafa það í för með sér að umhverfismarkmið fyrir vatnshlot nást ekki. Þetta á við t.d þegar um er að ræða nýja framkvæmd sem myndi leiða til breytinga á vatnsgæðum og á vatnsformfræðilegum eiginleikum yfirborðsvatnshlots, svo sem breyting á hæð grunnvatnshlots eða ný sjálfbær umsvif eða breytingar sem hefðu í för með sér að yfirborðsvatnshlot færi úr mjög góðu ástandi yfir í gott ástand eða úr góðu ástandi yfir í slæmt.

Með innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB um aðgerðarramma bandalagsins um stefnu í vatnamálum með lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála er kveðið á um í 12. gr. að **vernda skuli yfirborðs- og grunnvatnshlot og tryggja að ástand þeirra versni ekki.**

Samkvæmt 18.gr. laga um stjórn vatnamála getur Umhverfisstofnun **heimilað breytingar á vatnshlotum sem hafa í för með sér að ekki er hægt að ná umhverfismarkmiðum fyrir umrætt vatnshlot.** Slíka heimild má veita þegar um er að ræða:

- a. breytingar, svo sem vegna mengunar eða í tengslum við loftslagsbreytingar, á vatnsgæðum, vistfræðilegum, vatnsformfræðilegum eða efna- og eðlisefnafræðilegum eiginleikum yfirborðsvatnshlots eða á hæð grunnvatnshlots, eða
- b. ný sjálfbær umsvif eða breytingar sem hafa í för með sér að ástand yfirborðsvatnshlots breytist úr mjög góðu í gott.

Heimild Umhverfisstofnunar verður einnig að vera bundin eftirfarandi skilyrðum:

- a. gripið sé til allra ráðstafana sem raunhæfar teljast til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlots,
- b. tilgangur framkvæmdanna eða umsvifanna vega þyngra vegna almannaheilla og/eða ávinnings fyrir heilsu og öryggi manna eða fyrir sjálfbæra þróun en ávinningur af því að umhverfismarkmið náist,
- c. tilgangi framkvæmdanna eða umsvifanna verður ekki með góðu móti náð með umhverfisvænni leiðum vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar.

Ákvarðanir Umhverfisstofnunar um heimild fyrir framkvæmdir sem fela í sér breytingar á vatnshlotum þannig að umhverfismarkmiðum verði ekki náð kalla á skýrari reglur um hvernig hlutverk Umhverfisstofnunar í ákvarðanatökufurlinu um starfsleyfi sem hafa áhrif á breytingar

á vatnshlotum skuli háttað. Umhverfisstofnun leggur til að settar verði reglur um leyfisveitingu Umhverfisstofnunar fyrir slíkum breytingum og skýrar viðmiðunarreglur um á hvaða forsendum slík leyfi væru veitt og hvaða reglur gildi um áfrýjun slíkra ákvarðana. Einnig þarf að setja reglur um tengsl og upplýsingagjöf vegna starfs- og framkvæmdaleyfa sem falla undir valdssvið annarra stofnanna.

Ljóst er að hér er m.a. um að ræða leyfi Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdum sem stofnunin hefur ekki haft leyfisveitingarvald fyrir hingað til. Þau áhrif sem hér um ræðir geta t.d. verið breytingar vegna vatnsaflsvirkjana, flóðavarna, vegagerðar eða gerðar siglingavega. Einnig er um að ræða gerð aðrennslisskurða fyrir vatnsaflsvirkjanir og miðlunarlón sem geta haft áhrif á súrefni og hitastig vatnsins sem aftur hefur áhrif á vistfræðilegt ástand vatnshlotsins í miðlunarlóninu eða í ánni neðan virkjunar. Allar framkvæmdir sem falla undir ákvæðið geta verið annaðhvort tilkynningarskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða eru háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt sömu lögum.

Í b-lið 1. mgr. ákvæðisins er um að ræða ný sjálfbær umsvif manna. Vatnatilskipunin skilgreinir þessi umsvif ekki, en m.a. getur verið um að ræða umsvif eða starfsemi sem er starfsleyfis skyld eða framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Skoða þarf saman almenn áhrif margra smárra umsvifa þegar horft er til framkvæmda sem falla undir ákvæðið.

Unnið er nú að því að innleiða stjórn vatnamála eftir hlé sem varð á innleiðingunni vegna fjárskorts. Verið er að vinna að því að flokka vatn á Íslandi og greina ástand þess. Stefnt er að því að gefa út fyrstu vatnaáætlun Íslands árið 2021 og að hún taki gildi með staðfestingu ráðherra árið 2022. Umhverfisstofnun telur að með staðfestingu ráðherra á vatnaáætlun virkist ákvæði fyrrnefndrar 18. greinar um heimild Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun leggur til við umhverfis- og auðlindaráðuneyti að þangað til verði unnið að frekari útfærslu ákvæðisins með reglugerð og að stofnaður verði hópur sem vinni slíka vinnu og útfæri þær krítérur sem lagðar verði til grundvallar hvaða framkvæmdir komi til greina að heimila og falli undir umrætt ákvæði laga nr. 36/2001. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er að finna skýra reglugerðarheimild í lögnum og því þyrfti að gera lagabreytingu til að hægt sé að fara í þá vinnu sem Umhverfisstofnun leggur hér til.